



# TOLLVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. Þ 12011377

11.04.96 komudagur 1214 1996

Nefndardeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík


Efni: Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, heildarlög.

Tollvarðafélag Íslands hefur haft til umfjöllunar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hér er um að ræða einhliða breytingar á réttarstöðu tollvarða. Félagið vill benda á að árið 1986 afsöluðu tollverðir sér verkfallsrétti við gerð kjarasamninga en það ákvæði skerti á engan hátt rétt tollvarða til þátttöku í almennum kjarasamningum. Eðlilegra hefði verið í stað einhliða lagabreytinga að viðræður um þær hefði farið fram við gerð kjarasamninga. Frumvarpið miðar að breytingum á ákvæðum sem gengið var út frá við undirritun ráðningasamninga félagsmanna. Benda má á að þetta er gert einhliða á miðju samningstímabili.

Við mótmælum harðlega framlagningu frumvarpsins í núverandi mynd og þeim ásetningi stjórnvalda að ráðast með þessum hætti að réttarstöðu starfsmanna ríkisins.

Við sjáum engin rök fyrir því að þótt tollverðir séu embættismenn að þeir missi samningsréttinn. Við skorum á stjórnvöld að hrófla ekki við samningsrétti tollvarða og lýsum einnig yfir stuðningi við umsögn BSRB, hvað varðar einstaka liði frumvarpsins.

F.h. Tollvarðafélags Íslands,

  
Samúel Ingi Þórisson, formaður